

Reikningsskilaráð ríkisins

6. Fundur – 28. febrúar 2017 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 5. fundar var samþykkt.
2. **Vinnuhópar á vegum Reikningsskilaráðs.** Farið yfir þrjá vinnuhópa sem reikningsskilaráð stefnir á að setja upp, þ.e. fyrir tekjur, gjöld og efnahag. Verkefnin felast í að taka fyrir álitamál sem upp kunna að koma í tengslum við skilgreiningar og flokkanir. Í því samhengi þarf m.a. að greina viðfangsefnin og líta til alþjóðlegra staðla. Kynnt voru drög að skipunarbréfum og voru allir sammála um mikilvægi slíkra vinnuhópa. Samþykkt var að óska eftir tilnefningu á fulltrúum frá helstu stofnanum sem koma að framsetningu og skýrslugerð um ríkisfjármál og liggur það væntanlega fyrir á næsta fundi ráðsins.
3. **Ríkisreikningur 2016 og stofnefnahagur 2017.** Farið var yfir verk- og tímaáætlun Fjársýslu ríkisins fyrir ríkisreikning fyrir árið 2016 og hvenær endanlegur stofnefnahagur ríkisaðila í A-hluta miðað við ársbyrjun 2017 geti legið fyrir. Uppgjör fyrir árið 2016 gengur nokkuð vel en áhyggjuefni er að Alþingi hefur enn ekki afgreitt lokafjárlög fyrir árið 2015. Verði tafir á afgreiðslu þess getur það tafið ferlið en vonast er til að lokafjárlögin verði samþykkt hið fyrsta. Vinna við stofnefnahaginn fer á fullt skrið hjá uppgjörssviði FJS þegar mestu vinnu við frágang ársreikninga stofnana í A-hluta lýkur sem er væntanlega í marslok eða fyrri hluta apríl.
4. **Reikningsskilastaðlar, framhaldsumræða.** Farið var yfir innleiðingu reikningsskilastaðla og samhengi þeirra við aðra staðla og þá einkum GFS. Snemma í mars hafa Hagstofan og Fjármálaráðuneytið boðað til yfirlitskynningar á GFS framsetningunni og tengslum hennar við IPSAS og SNA (þjóðhagsreikningastaðla).
5. **Fjárlög 2017, framsetning og tengsl við reikningshald.** Eitt af hlutverkum reikningsskilaráðs er að fara yfir framsetningu fjárlaga og tengingu þeirra við reikningsskilin. Í því samhengi var rædd framsetning 1., 2. og 3. gr. í fjárlögum út frá LOF þar á meðal út frá því hvort framsetningin eigi að vera brúttó eða nettó. Í þessu samhengi eru ákveðin álitamál sem verða rædd frekar síðar.
6. **Önnur mál.**
Hagstofustjóri lagði áherslu á mikilvægi þess að öll framsetning og hagskýrslugerð um ríkisfjármál yrði tekin föstum tökum þegar frá upphafi. Hagtölur ríkja eru skoðaðar gagnrýnum augum af fagaðilum bæði hér á landi og ekki síður erlendis. Gerðar eru stífar kröfur til að allar breytingar frá einum tíma til annars séu vel rökstuddar. Því er mikið í húfi varðandi innleiðingu LOF hér á landi að vel takist til í þessu tilliti. Minnti hann á í þessu samhengi á vandamál Grikkja og nýlegt dæmi sem Austurríkismenn standa frammi fyrir hjá Evrópusambandinu.

Fundið slitið 10:30

Næsti fundur verður miðvikudaginn 5.april kl.09:00.